

STOFNANASAMNINGUR

1. gr. Inngangur.

Í kjarasamningum fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og tilgreindra aðildarfélaga Bandalags háskólamanna, hins vegar, frá 28. febrúar 2005 og 9. mars 2005, var kveðið á um gerð stofnanasamninga innan sérhverrar stofnunar, sbr. nánar 11. kafli kjarasamnings eins og hann verður frá 1. maí 2006. Stofnanasamningur þessi byggir á áður nefndu ákvæði kjarasamnings og tekur til þeirra starfsmanna sem nánar greinir í samningi.

Aðilar stofnanasamnings eru Fjármálaeftirlitið, hér eftir nefnt FME eða stofnun og eftirgreind aðildarfélög háskólamanna; Stéttarfélag lögfræðinga, Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga og Útgarður, félag háskólamanna, sem eru aðildarfélög BHM.

2. gr. Gildissvið stofnanasamnings.

Samningurinn gildir fyrir þá starfsmenn FME sem eru félagsmenn í þeim stéttarfélögum sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr. og fá laun samkvæmt kjarasamningum þeirra.

3. gr. Markmið stofnanasamnings


Um markmið stofnanasamnings vísast til greinar 11.2. í áður tilvitnuðum kjarasamningum.

4. gr. Röðun starfa í launaflokka.

Við röðun starfa í launaflokka skal fyrst og fremst meta verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið vel af hendi. Starfslýsingar eru ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skulu þær endurskoðaðar í takt við þróun starfa. Þá skal litið til skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags við gerð samningsins.

Við röðun starfa í launaflokka skal höfð hliðsjón af grunnröðun samkvæmt gildandi kjarasamningi hlutaðeigandi stéttarfélags við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Við röðun starfs í launaflokka skal litið til eftirfarandi þátta:

- Lágmarksmenntunar sem þarf til að gegna starfi.
- Stöðu starfs í skipuriti stofnunar (stöðugt/viðvarandi verksvið).
- Verkefnalegrar umsjónar og ábyrgðar sem fylgir starfi (stöðugt/viðvarandi verksvið).



Með stofnanasamningi þessum er fylgiskjal I sem hefur að geyma skilgreiningar starfa

5. gr.

Persónu- og tímabundnir þættir.

Við ákvörðun launa skal litið til persónu- og tímabundinna þátta, sbr. grein 1.2.2. í kjarasamningi, sem varða sérhvern starfsmann. Meta skal persónu- og tímabundna þætti sem álag á launaflokka og getur vægi álags að hámarki numið 20% af viðkomandi launaflokki í 2,5% bilum samkvæmt gildandi launatöflu.

Við mat **persónu- og tímabundinna** þátta skal litið til starfsreynslu og viðbótarmenntunar, umfram lágmarksmenntun starfs eins og hún er skilgreind í starfslýsingu og/eða stofnanasamningi, sem nýtist í starfi og gerir starfsmann hæfari til starfans. Þá skal enn fremur litið til viðbótarábyrgðar, aukins álags vegna sérstakra verkefna o.fl. Skal byggt á eftirfarandi viðmiðum:

A Menntun:

- Viðbótarnám sem nýtist í starfi, umfram lágmarksmenntun starfs eins og hún er skilgreind í starfslýsingu og/eða stofnanasamningi.
 - MS próf, ein gráða eða fleiri, umfram próf/gráðu sem tilgreind er í 4. gr. stofnanasamnings, sbr. fylgiskjal I og Doktorspróf (PhD), ein gráða eða fleiri. Greiða skal starfsmanni álag sem samsvarar allt að 7,5% álag á launaflokk. Starfsmaður skal ekki njóta viðbótarlaunaflokka eða álags (þreps/a) vegna náms, sem tilgreint er og metið samkvæmt fylgiskjali I, samhliða greiðslu samkvæmt þessari grein.

B Aðrir þættir sem heimilt er að meta.

- Viðbótarmenntun, endurmenntun og/eða símenntun önnur en að framan greinir.
- Aukið viðvarandi álag vegna sérstakra og/eða aukinna verkefna sem ráðist er í.
- Verkefnaleg og stjórnunarleg ábyrgð, t.d. umsjón með störfum vinnuhópa eða sérstökum aðgerðum.
- Fjölhæfni (s.s. hæfni til að sinna störfum á mörgum sviðum eða í erlendum samskiptum).
- Samskiptahæfni (s.s. hæfni til að starfa með og leiðbeina öðrum) og upplýsingamiðlun innan stofnunar (s.s. miðlun fræðslu og upplýsinga).
- Skilvirkni (forgangsröðun verkefna, vinnubrögð, hæfni í notkun tækja).
- Sérstakur áhugi og frumkvæði.
- Starfsreynsla, til viðbótar þeirri sem að framan greinir svo og í fylgiskjali I, hvort sem er innan eða utan stofnunar, og/eða sérstök hæfni sem starfsmaður hefur sýnt í starfi.
- Sérstakur árangur og/eða frammistaða sem starfsmaður hefur sýnt.

Framangreindir þættir, sbr. B-liður, geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og álag á laun því breytilegt. Ofangreinda þætti skal endurskoða við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

6. gr.
Tímabundin umbun.

Forstjóri setur og kynnir starfsmönnum reglur um sérstaka tímabundna umbun, sbr. gr. 1.3.1. í kjarasamningi.

7. gr.
Starfsmanna – og launasamtöl.

Starfsmannasamtöl skulu fara fram árlega milli hvers starfsmanns og forstjóra FME eða þess, sem hann tilnefnir í sinn stað. Í starfsmannasamtali skal fara yfir verkefnastöðu, skipulag, árangur o.fl. Að jafnaði skal við það miðað að því sé lokið eigi síðar en 31. maí ár hvert, þó í fyrsta skipti á árinu 2007.

Í tengslum við starfsmannasamtal á starfsmaður rétt á launasamtali þar sem starfsmaður getur t.d. óskað viðræðna um forsendur og sérstaka þætti sem varða launagreiðslur til hans.

Sérstök starfsmanna- og launasamtöl geta farið fram ef tilefni er til.

8. gr.
Um samstarfsnefnd.

Um hlutverk samstarfsnefndar skal fara samkvæmt ákvæði greinar 11.4.2. í kjarasamningi.

9. gr.
Gildistími og endurskoðun.
Brottfall eldri samninga.

Gildistími stofnanasamnings er frá 1. maí 2006.


Um endurskoðun stofnanasamnings skal fara samkvæmt ákvæði greinar 11.4.3. í kjarasamningi, sbr. ennfremur ákvæði fylgiskjals I með kjarasamningi um frekari þróun launakerfis frá 1. maí 2007 að telja.

Við gildistöku stofnanasamnings þessa falla úr gildi allir eldri stofnanasamningar (aðlögunarnefndarsamningar) sem í gildi eru á milli aðildarfélaga BHM, annars vegar og FME eða fyrirrennara FME hins vegar.


10. gr.
Undirritun stofnanasamnings.


Stofnanasamningur er undirritaður af aðilum samnings án sérstaks fyrirvara. Staðfesta fulltrúar í samstarfsnefnd samning með undirritun sinni.

Með samningi þessum er eitt fylgiskjal, skilgreiningar núverandi starfa hjá FME., sbr. fylgiskjal I.



Reykjavík, 19. september 2006


f.h. Stéttarfélags lögfræðinga


f.h. Kjarafélags viðskiptafræðinga
og hagfræðinga.

Kristianne Jessen
f.h. Stéttarfélags bókasafns-
og upplýsingafræðinga.


f.h. Útgarðs, félags háskólamanna.


f.h. Fjármálaeftirlitsins

BÓKUN I:

Það er sameiginlegur skilningur samningsaðila að forstjóra sé heimilt að hækka starfsmenn um launaflokka.

Heimild samkvæmt þessari bókun má ýmist nota tímabundið eða ótímabundið.

Heimild samkvæmt þessari bókun kann t.d. að verða nýtt við eftirfarandi aðstæður:

- Starfsmaður uppfyllir skilyrði um sérstaka og/eða aukna menntun, sérþekkingu, starfsreynslu eða áskilda kosti sem stofnun metur eftirsóknarverða.
- Þegar þættir, sem tilgreindir eru hér að ofan, teljast að mati FME grundvöllur nýjunga í starfsemi stofnunar eða efling núverandi þekkingar, að aukið verði við þekkingu á þeim sviðum sem skortur er fyrir og FME metur það mikilvægt.

eða

Önnur tilvik þar sem FME metur aðstæður sambærilegar.

Af öðrum ákvæðum stofnanasamnings svo og bókun þessari leiðir að röðun starfsmanna í launaflokka kann að skarast þannig að aðrir þættir en tegundir/flokkar starfa, auk viðbótarlaunaflokka samkvæmt fylgiskjali I, geta ráðið fyrir um endanlega röðun starfsmanna.

BÓKUN II:

FME hefur unnið að gerð nýs skipurits fyrir stofnunina sem öðlaðist gildi þann 5. september 2006.

Það er sameiginlegur skilningur aðila stofnanasamnings þessa að röðun starfa í launaflokka, eftir formlega gildistöku skipurits, rúmist innan gildissviðs stofnanasamnings. Í því sambandi skal ráðgert að sérfræðingum, sem falin verður sviðsstjórn samkvæmt skipuriti, verði ráðað í starfsheitið sérfræðingur 3.

BÓKUN III:

Forsenda röðunar sérfræðinga í launaflokka samkvæmt fylgiskjali I er sú að breytingar verði samhliða gerðar á samsetningu launa starfsmanna með skriflegu samkomulagi við viðkomandi starfsmenn. Í samkomulagi felst að breytingar verði gerðir á fjölda fastra yfirvinnustunda hlutaðeigandi starfsmanna gegn röðun samkvæmt því sem greinir í fylgiskjali I. Byggir breyting þessi á forsendum í tengslum við vörpun og gerð stofnanasamnings sem samstarfsnefnd hefur lagt til grundvallar við gerð hans.

Við röðun sérhvers starfsmanns í launaflokk hefur verið tekið tillit til þátta sem tilgreindir eru í fylgiskjali I, bæði viðbótarmentun og starfsreynslu, eftir því sem við á.

BÓKUN IV:

Röðun í starfsheitið sérfræðingur I á einkum við um þá sem ráðnir eru inn á reynslutíma, tímabundinni ráðningu eða í afleysingar. Þá kann röðun ennfremur að eiga við um þá sem uppfylla skilyrði um tiltekna lágmarksmenntun (háskólamenntun) en eru ráðnir til starfa í tengslum við/eða samhliða háskólanámi sem þeir stunda. Gildir framangreint að svo miklu leyti sem FME ákveður að miða laun og önnur starfskjör við hlutaðeigandi kjarasamninga/stofnanasamninga.

Skýring við bókun IV:

Starfsheitið sérfræðingur I verður einkum notað við tímabundnar ráðningar, ráðningar við afleysingar og ráðningar í hlutastörf, þ.m.t. talið ráðningar háskólanema, sem þegar hafa lokið háskólagráðu en starfa samhliða háskólanámi hjá FME.

Starfsheitið sérfræðingur I kann að verða notað við ráðningar starfsmanna sem hafa litla eða óverulega starfsreynslu á vinnumarkaði, ýmist almennt séð og/eða af störfum sambærilegum þeim sem unnin eru hjá FME. Að jafnaði ber að líta svo á að þeim starfsmönnum, sem ráðnir eru inn sem sérfræðingar I, verði ekki falin sambærileg ábyrgð og/eða skyldur og sérfræðingum hjá FME er almennt falið.

Hafa ber í huga að ofangreind skýring er einungis sett fram í dæmaskyni og er á engan hátt tæmandi.

BÓKUN V:

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, skulu konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Aðilar samkomulags þessa munu fylgjast með og ræða þróun launa starfsmanna FME á samningstímabilinu með hliðsjón af framangreindu lagaákvæði.

Handwritten signatures and initials, including a large stylized signature and the initials "DA" at the bottom right.

Fylgiskjal I.

Störf sérfræðinga eru greind niður í þrjá flokka eða tegundir starfa.

Sérfræðingur I. (launaflokkar 1 – 8).

Starf sérfræðings sem felst einkum í því að nota þekkingu og hugtök, veita upplýsingar og/eða leiðbeiningar. Í starfi felst þátttaka í meðferð og úrvinnslu verkefna, meðferð og svörun erinda, samskipti við stofnanir og fyrirtæki og ábyrgð á einstökum málum. Sérfræðingur starfar að nokkru leyti sjálfstætt en starfið er að meginstefnu til unnið á ábyrgð og undir verkumsjón annars. Menntunarkröfur eru háskólapróf, BA, BS eða önnur menntun á háskólastigi sem metin er sambærileg.

Sérfræðingur II. (lágmark launaflokkur 9).

Starfið felur í sér almenn verkefni sérfræðings innan FME. Starf krefst sérþekkingar og sérhæfingar starfsmanns á hlutaðeigandi sviði. Í starfi felst ábyrgð á einstökum málum og umsjón með verkefnum. Starf er að meginstefnu til unnið sjálfstætt en undir stjórn og á ábyrgð forstjóra eða þess sem hann tilnefnir. Menntunarkröfur eru háskólapróf, BA, BS, embættispróf eða önnur menntun á háskólastigi sem metin er sambærileg.

Sérfræðingur III (sviðsstjóri). (lágmark launaflokkur 13).

Starfið felst í að hafa yfirsýn yfir verkefni á hlutaðeigandi sviði stofnunar samkvæmt ákvörðun forstjóra og stjórnunarlega ábyrgð á tilteknum verkefnum sem forstjóri framselur til viðbótar almennum verkefnum sérfræðinga. Gert er ráð fyrir að um stöðugt og viðvarandi verk svið sé að ræða. Menntunarkröfur eru háskólapróf, BA, BS, embættispróf eða önnur menntun á háskólastigi sem metin er sambærileg.

Viðbótarlaunaflokkar (samtafs 2 launaflokkar):

Viðbótarmenntun sérfræðinga:

MS próf eða ígildi þess (próf umfram BA/BS). Greiða skal sérfræðingi viðbótarlaun sem nema **einum** launaflokki vegna þessa. Með prófi umfram BA/BS er hér einkum átt við Cand Jur/Cand Oecon eða annað nám sem samsvarar því.

Ekki skal greiða viðbótarlaunaflokk samkvæmt fylgiskjali þessu samhliða greiðslu álags (þreps/a) vegna sama náms samkvæmt ákvæði 5. gr. stofnanasamnings.



Starfsreynsla sérfræðinga:

Greiða skal sérfræðingi viðbótarlaun, sem nema **einum** launaflokki, þegar hann hefur starfað í þrjú ár samfellt hjá FME.

Handwritten signatures and initials, including a large 'A' and 'G', and a date '17/11/14'.